



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Guðjón Vésteinsson <gudjon@skutustadahreppur.is>  
Re: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólasand  
Sent: 20-08-2019 11:36:38 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070038, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

---

Tilvísun í mál: 2019070038

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 23. júlí sl, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í samræmi við aðalvalkost Landsnets í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og sér ekki ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við hana enda byggir hún á þeim gögnum sem liggja fyrir vegna mats á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 eins og kemur fram í erindinu. Matsskýrsla Landsnets er nú til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun.

Náttúrufræðistofnun sendi inn umsögn um frummatsskýrslu Landsnets vegna Hólasandslínu 3 og fylgir hún þessari umsögn en þar koma fram áherslur stofnunarinnar.

Þegar álit Skipulagsstofnunar um Hólasandslínu 3 liggur fyrir og framangreindar breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar verða auglýstar áskilur Náttúrufræðistofnun sér rétt til að gera athugasemdir við skipulagið verði talin þörf á því.

Virðingarfyllt,



Hólasandslína 3 - Frummatsskýrsla.tif

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Guðjón Vésteinsson <gudjon@skutustadahreppur.is>

Dags: 07/23/2019 02:16:45 PM

Til: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "arna.hjorleifsdottir@gmail.com" <arna.hjorleifsdottir@gmail.com>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "thorkell.lindberg@gmail.com" <thorkell.lindberg@gmail.com>, Margrét Silja Þorkelsdóttir <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>, Gunnar H. Guðmundsson <gunnar.h.gudmundsson@vegagerdin.is>, Sædís Gunnarsdóttir <saedis@minjastofnun.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "hne@hne.is" <hne@hne.is>, Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is>, Skútustaðahreppur <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>, "esveit@esveit.is" <esveit@esveit.is>, "POSTUR@SVALBARDSSTROND.IS" <POSTUR@SVALBARDSSTROND.IS>

cc: Helga Sveinbjörnsdóttir <helga@thingeyjarsveit.is>

Efni: Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólasandslínu 3

---

## Auglýsing um fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna Hólasandslínu 3

### Skipulags- og matslýsing

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 27. júní 2019 skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í samræmi við aðalvalkost Landsnets í umhverfismati fyrir Hólasandslínu 3.

Ráðgert er að Hólasandslína 3 verði lögð innan sveitarinnar sem loftlína - að mestu samhliða núverandi Kröflulínu 1, sem er í megindráttum í samræmi við gildandi aðalskipulag Þingeyjarsveitar. Í aðalvalkosti Landsnets, sem lagður er fram í matsskýrslu vikur lega línunnar frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum, í Bíldsárskarði, Fnjóskadal og Laxárdal. Einnig eru skilgreind tuttugu ný efnistökusvæði.

Skipulagslýsingin er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í lýsingunni eru settar fram megin áherslur vinnunnar, forsendur hennar, tengsl við aðrar skipulagsáætlanir og skipulagsferlið.

Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með þriðjudeginum 23. júlí til og með föstudeginum 16. ágúst 2019. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar:

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar>

Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 16. ágúst 2019 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: [gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

Skipulags- og matslýsing er send á eftirfarandi aðila:

Skipulagsstofnun  
Umhverfisstofnun  
Náttúrufræðistofnun  
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra  
Minjastofnun Íslands  
Náttúruverndarnefnd Pingeyinga  
Vegagerðin  
Skógræktin  
Landvernd  
Landgræðsla ríkisins  
Aðliggjandi sveitarfélög

Bestu kveðjur



**Guðjón Vesteinsson**

Skipulagsfulltrúi  
Skútustaðahrepp og Pingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 4163

[gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)  
[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

[Meðferð tölvupósts - Disclaimer](#)